



Námsvísir í samfélags- og náttúrufræði í 4.bekk

Kennari	Lára Hálfðanardóttir
Tíma fjöldi	3 - 4 kennslustundir á viku
Grunnpættir menntunar	Sköpun; ígrundun, gagnrýnin hugsun og lausnaleit Læsi; lesskilningur, orðaforði og hugtakaskilningur Jafnrétti; kynjajafnrétti og umburðarlyndi Heilbrigði og velferð; samvinna, virðing og sköpun Lýðræði og mannréttindi; valverkefni, virðing og ábyrgð Sjálfbærni; virðing
Lykilhæfni	Tjáning og miðlun Við lok skólaárs getur nemandi tjáð hugsanir sínar og skoðanir sínar fyrir framan hóp með skýrum hætti; hlustað á samræður af tillitssemi og hlustað á rök annarra; tekið virkan þátt í umræðum hverju sinni af athygli Skapandi og gagnrýnin hugsun Við lok skólaárs getur nemandi skilgreint og metið eigin verk og lært af mistökum og skilið hugtakið árangur; gert sér grein fyrir að oft eru fleiri en ein rétt leið að lausn og að læra má af mistökum; viti að staðreynd og skoðun er ekki það sama; skoðað viðfangsefni frá fleiri en einni hlið á skapandi hátt Sjálfstæði og samvinna Við lok skólaárs getur nemandi unnið eftir fyrirmælum og sýnt sjálfstæði í vinnubrögðum; gert sér grein fyrir helstu styrkleikum sínum; unnið með öðrum að skipulögðum námsverkefnum; tekið jákvæðan þátt í leik og starfi í skólasamfélagi sínu; nýtt sér leiðsögn á jákvæðan hátt Nýting miðla og upplýsinga Við lok skólaárs getur nemandi leitað upplýsinga í ólíkum miðlum með leiðsögn Ábyrgð og mat á eigin námi Við lok skólaárs getur nemandi áttað sig á styrkleikum sínum og hvar hægt er að gera betur í námi; tekið þátt í að skipuleggja eigið nám



Kennsluaðferðir	Nemendur stunda námið með fjölbreyttum verkefnum sem reyna á ólíka hæfni. Lestur, hlustun, ritun og tjáning og töluvert unnið í hópavinnu. Áhersla er lögð á upplýsingaleit í bókum sem og á neti. Verkefnum skilað á fjölbreyttan hátt t.d. á tölvutæku formi, teikningum, rituðum texta, veggspjöldum eða jafnvel með leikpáttum.
Námsmat	Námsmat  Framúrskarandi  Hæfni náð  Á góðri leið  Þarfnast þjálfunar  Hæfni ekki náð

Kennsluáætlunin er lifandi skjal og getur tekið breytingum á skólaárinu.

Tímabil	Námsþáttur og námsefni	Hæfniviðmið Nemandi:
Sept.	Skólareglur Bekkjarreglur Humlur Hjólreiðafræðsla Dagur náttúrunnar	-geti sýnt tillitssemi og virðingu í samskiptum og samvinnu við aðra -geti virt reglur í samskiptum fólks, skráðar og óskráðar, og nefnt dæmi um slíkar reglur -afli sér upplýsinga er varða náttúruna -noti ólíkar heimildir við öflun upplýsinga



	TBR - heimsókn	-taki þátt í að skoða, greina og bæta eigið umhverfi og náttúru -sjái að hjólreiðar eru ákjósanlegt samgöngutæki og góð leið til að fá næga hreyfingu daglega -læri að hjólreiðar eru umhverfisvænar og ódýrar
Október	Komdu og skoðaðu landnámið, Litlu landnemarnir Landnámssýningin	-kynnist upphafi sögu lands og þjóðar á Íslandi og nokkrum landnámsmönnum
Nóvember	Iðnir krakkar	-kynnist iðngreinum og fjölbreyttum atvinnuháttum
Desember	Jólasögur Árbæjarsafn jólin'68	-kynnist því hvernig íslenskt jólahald var fyrir hálfri öld
Janúar	Komdu og skoðaðu tæknina Tilraunir	-átti sig á þeirri tækni sem við búum við nú á dögum, tækni sem oft virðist vera sjálfsögð og nánast sjálfsprottin -átti sig á hvernig líf manna hefur breyst í aldanna rás og þátt tækninnar í þeim breytingum -skilji að hver einstaklingur getur hugsað og býr yfir hugviti sem er uppspretta nýjunga á öllum sviðum -lesið fyrirmæli og fylgt þeim -gert einfaldar tilraunir og skráð niðurstöður
Febrúar	Flugvélar Tilraunir	-að nemendur geti bent á dæmi um áhrif tækni og framkvæmda á mannlíf og umhverfi



		-notað einföld hugtök úr náttúruvísindum í textaskrifum -tekið þátt í vali á náttúrufræðilegum verkefnum -aflað sér upplýsinga er varða náttúruna -skráð atburði og athuganir, s.s. með ljósmyndum, teikningum, eigin orðum og sagt frá þeim -hlustað á og rætt hugmyndir annarra -notað gervihnatta- og loftmyndir af yfirborði jarðar til að lýsa heimabyggð -lesið fyrirmæli og fylgt þeim -gert einfaldar tilraunir og skráð niðurstöður
Mars	Listfræði	- þjálfí myndlæsi og hvernig hægt er að fræðast um menningu, sögu og trúarbrögð með myndlist -kynnist nokkrum þekktum listamönnum og listaverkum þeirra -sagt deili á nokkrum frásögnum, helstu hátíðum og siðum kristni og annarra trúarbragða -nefnt dæmi um trúarlegar vísanir í listum og bókmenntum
Apríl	Komdu og skoðaðu hafið	-gera sér grein fyrir því hvað felst í því að Ísland er eyja -læra að hverju þarf að hyggja í fjöruferð -geta lýst ströndum út frá lögun -geta lýst hvað felst í orðunum „flóð og fjara” -gera sér grein fyrir að aðstæður í sjónum og við ströndina eru mjög margbreytilegar og lífríkið sömuleiðis (lífverurnar eiga sér kjörbýli)



		-þekkja nokkra flokka og tegundir sjávarlífvera -læra að í sjónum eru heitir og kaldir straumar m.a. Golfstraumurinn -átta sig á samspili manns og náttúru, einkum þegar lítið er til íbúa sjávarþorps -þekkja til sögu sjávarútvegs á Íslandi í stórum dráttum -kynnast störfum í sjávarútvegi sem eru mörg og ólík -átta sig á þáttum sem hafa áhrif á myndun þéttbýlis við strönd -átta sig á því hvers vegna sjávarútvegur er mikilvægur atvinnuvegur og nauðsyn inn- og útflutnings -vita hvað er höfn og hvað má búast við að sjá þar -þekkja að hlutverk skipa og báta eru mörg og útlit þeirra sömuleiðis -læra helstu heiti á skipshlutum -gera sér grein fyrir að í hafinu eru miklar auðlindir -gera sér grein fyrir mikilvægi þess að ganga vel um hafið -skráð atburði og athuganir, s.s. með ljósmyndum, teikningum, eigin orðum og sagt frá þeim -notað ólíkar heimildir við öflun upplýsinga -hlustað á og rætt hugmyndir annarra
Maí	Hvalir	-læri um þá hvali sem hafast við á norðurhjara veraldar og nokkur sérkenni þeirra -notað einföld hugtök úr náttúruvísindum í textaskrifum



		-tekið þátt í vali á náttúrufræðilegum verkefnum -aflað sér upplýsinga er varða náttúruna -skráð atburði og athuganir, s.s. með ljósmyndum, teikningum, eigin orðum og sagt frá þeim -hlustað á og rætt hugmyndir annarra
Júní	Blágresi, ösp og spói	-læri að þekkja blágresi, ösp og spóa